

Aðalfundur fulltrúaráðs STEFs 23. maí 2025

Fundargerð

Aðalfundur fulltrúaráðs var haldinn að Laufásvegi 40 föstudaginn 23. maí kl. 16:00.

Mættir voru: Bergur Þórisson, Bragi Valdimar Skúlason, Edda Borg Ólafsdóttir, Eypór Gunnarsson, Hafdís Bjarnadóttir, Halldór Smárason, Hallur Ingólfsson, Hildigunnur Rúnarsdóttir, Hildur Kristín Stefánsdóttir, Hrafnkell Pálmarsson, Logi Pedro Stefánsson, Pétur Jónsson, María Huld Markan, Óttarr Proppé, Páll Ragnar Pálsson, Samúel J. Samúelsson, Sigurður Flosason, Sóley Stefánsdóttir og Þuríður Jónsdóttir.

Að auki sátu fundinn Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri, og Einar Hafliði Einarsson, endurskoðandi samtakanna.

Formaður fulltrúaráðs, Sigurður Flosason, setti fundinn og stýrði honum.

Formaður gerði grein fyrir fundarboði. Til fundarins var boðað í samræmi við samþykktir STEFs, með fundarboði sem sent var út þann 6. maí 2025, auk þess sem haft var samband við fulltrúaráðið ítrekað í kjölfarið auk þess sem fundarmönnum voru send fundargögn.

Formaður lýsti eftir athugasemdum við fundarboðun. Enginn athugasemd kom fram. Á fundinn voru mættir 19 fulltrúar og var þannig fullnægt skilyrðum samþykktar STEFs um lágmarksmætingu. Lýsti fundarstjóri því fundinn löglegan til að taka fyrir þau mál sem fyrir honum liggja.

Fundarritari var kjörinn Guðrún Björk Bjarnadóttir.

Fundarstjóri minntist fallinna félaga sem létust á síðasta ári, en það voru þeir *Jón Nordal, Ólafur Vignir Albertsson, Björgvin Gíslason, Steindór Andersen, Halldór Bragason og Vilberg Valbergsson.*

Hann minntist þess einnig hverjir hlutu heiðursmerki STEFs á starfsárinu, en það voru þeir *Þorsteinn Eggertsson, Hjálmar H. Ragnarsson og Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson.*

Gengið var til boðaðrar dagskrár.

Venjuleg aðalfundarstörf.

1. Ársskýrsla síðasta starfsárs var lögð fram.

Framkvæmdastjóri flutti skýrslu um starfsemi STEFs á liðnu starfsári. Í máli sínu minntist hún m.a. á, að gaman sé að taka á móti fundargestum að Laufásvegi, nú þegar húsnæðið innandyra hefur fengið andlitslyftingu, sem mikil ánægja væri með. Þá ræddi hún sérstaklega um mikilvægi samninga við stóra viðskiptamenn STEFs, sem sjást merki um í ársreikningum samtakanna, þ.e.a.s. RÚV og SÝN. Hún vakti athygli á fyrirhuguðum breytingum á verðskrá stærri tónleika, en ákvörðun um þær breytingar voru teknar af stjórn í lok árs 2024 og munu þær taka gildi við upphaf árs 2026. Þá vakti hún einnig athygli á breytingum sem gerðar hafa verið á úthlutunum fyrir frumflutning, sem stjórn neyddist til að gera vegna örfárra dæma um misnotkun reglnanna. Lýsti hún síðan mikilli ánægju með þær breytingar sem búið er að gera á „Mínum síðum“ fyrir meðlimi STEFs, en þar eru

nú komnir ýmsir nýir möguleikar á að skoða tölfræði úthlutanna svo og að ná út skýrslum og samantekt um úthlutanir. Að lokum ræddi hún nokkuð um þá vinnu sem STEF hefur verið í undanfarið og varða gervigreind, en eins og viðstaddir viti, þá sé talið að um 30% tekna tónhöfunda séu í hættu vegna þessara tæknibreytinga. STEF hafi verið í miklu og nánú sambandi við önnur norræn höfundaréttarsamtök, sem hafi leitt af sér fyrst sameiginleg ákvæði um bann við texta- og gagnanámi, síðan sameiginlegum reglum um skráningu verka gerða af eða með aðstoð gervigreindar og síðan hafi nú í apríl sl. verið kynnt sameiginleg stefna þessara samtaka um leyfisveitingar vegna gervigreindargerðrar tónlistar.

Páll Ragnar Pálsson, formaður stjórnar, tók einnig til máls að lokinni kynningu á skýrslu stjórnar STEFs og talaði um góðan vinnuanda innan stjórnarinnar. Þá hafi átt sér stað kynslóðaskipti innan fulltrúaráðs, stjórnar og aðildarfélaganna, sem farið er að sjá árangur af. Mikilvægt sé að þessar einingar endurspegli tónlistargeirann. Undirstrikaði hann einnig menningarlegt hlutverk STEFs, sem m.a. kemur fram í veitingu styrkja í gegnum sjóði STEFs. Þakkaði hann síðan starfsfólki STEFs sín góðu störf.

2. Löggiltur endurskoðandi STEFs, Einar Hafliði Einarsson, gerði grein fyrir lykiltölum úr ársreikningi samtakanna fyrir árið 2024. Var ársreikningurinn samþykktur og áritaður af stjórn þann 20. maí og skoðunarmenn höfðu einnig staðfest hann.

Helstu lykiltölur úr rekstri STEFs á árinu 2024 voru eftirfarandi:

Heildartekjur STEFs voru **1.266.773.046**, sem er um 3,4% hækkun, en ekki var hægt að fylgja eftir hækkun síðasta árs, sem var 13,8%. Hreinar tekjur hækkuðu um 2,6%. Flutningsréttartekjur innlendar voru **762.957.840** og tekjur frá streymisveitum og eintakagerð **259.365.914**, sem er tæplega 10% hækkun. Því miður lækkuðu tekjur erlendis frá nokkuð skarpt, eða um 14% og námu þær **125.969.666**. Til hliðsjónar má þó nefna að þessi tekjuliður var undir 100 milljónum á árinu 2022.

Úthlutun STEFs á árinu 2024 nam **1.027.863.512**, sem er 27% hækkun frá fyrra ári og er þetta algjört met í úthlutun STEFs og í fyrsta sinn sem úthlutun fer yfir milljarð. Til viðbótar þessu úthlutaði STEF í gegnum sjóði sína styrkjum er námu 89,5 millj. til innlendra rétthafa.

Til gamans og glöggvunar sýndi Einar Hafliði einnig uppreiknaðar tölur úr ársreikningi 2004 miðað við verðlag 2024. Sýndu þær að tekjur STEFs höfðu á þessum tíma aukist um 55% umfram verðlagshækkunir og hagnaður um 72%. Höfðu úthlutanir fylgt þessum hækkunum.

Að umræðum loknum var ársreikningurinn borinn undir fundinn og hann samþykktur samhljóða.

3. Tilkynning um samsetningu stjórnar:

Formaður fulltrúaráðs tilkynnti samsetningu stjórnar næsta starfsár, en kosning í stjórn fer fram annað hvert ár. Stjórnin er skipuð eftirfarandi aðilum:

Páll Ragnar Pálsson (Tí), formaður
Bragi Valdimar Skúlason (FTT), varaformaður
Halldór Smáráson (Tí)
Hallur Ingólfsson (FTT)
Hildur Kristín Stefánsdóttir (FTT)
Magnús Jóhann Ragnarsson (utan aðildarféлага)
Sóley Stefánsdóttir (FTT)

Þá var einnig tilkynnt að Sigurður Flosason muni áfram sitja sem formaður fulltrúaráðsins næsta starfsár.

4. Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara.

Formaður fulltrúaráðs kynnti þá tillögu stjórnar að sömu skoðunarmenn yrðu kjörnir og áður: *Eyjólfur Kristjánsson og Tryggvi M. Baldvinsson*. Til vara: *Finnur Torfi Stefánsson og Ingi Gunnar Jóhannsson*.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

5. Ákvörðun um laun stjórnarmanna og önnur hlunnindi þeirra, ef slíku er til að dreifa, svo og laun skoðunarmanna og formanns fulltrúaráðs.

Formaður fulltrúaráðs kynnti tillögu stjórnar, sem lítur að því að stjórnarlaunin taki breytingu skv. vísitölu en séu að öðru leyti óbreytt.

Tillagan var eftirfarandi:

Almennir stjórnarmenn:	849.213
Varaformaður:	1.698.427
Formaður:	3.396.853
Formaður fulltrúaráðs:	424.607
Skoðunarmenn:	149.960

Engar aðrar tillögur komu fram. Var tillagan borin upp til samþykktar og hún samþykkt samhljóða.

6. Önnur mál.

a) Rammi um tiltekin störf STEFs.

Fulltrúaráð setti ramma á aðalfundi 2019 um tiltekin störf stjórnar STEFs í samræmi við þær breytingar sem gerðar voru á samþykktum STEFs 2018. Var þessi rammi sendur út með fundargögnum til fulltrúaráðs og er hann enn fremur birtur á heimasíðu STEFs. Ekki hafa komið fram tillögur til breytinga á því sem þá var ákveðið og er það því tillaga stjórnar að sami rammi verði staðfestur nú.

Var tillagan borin undir fundin og hún samþykkt samhljóða.

b) Breytingar á samþykktum.

Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson kom sem gestur á fundinn og kynnti aðdragandann að þeim tillögum að breytingum sem stjórn leggur hér fram, en hann var einn þriggja sem sat í sérstökum vinnuhópi STEFs sem var falið að endurskoða samþykktir STEFs hvað varðar tónlistarforleggjara.

Í samþykktum STEFs var gert ráð fyrir að tónlistarforleggjarar gætu verið meðlimir og boðið sig þar með fram í stjórn og fulltrúaráð. Hins vegar var ekki að finna í samþykktunum nánari ákvæði um forleggjara eða reglur um framboð þeirra. Vegna þessa lagði vinnuhópurinn fram tillögur sem kynntar voru og síðan samþykktar af stjórn og voru þær hér lagðar fyrir fulltrúaráðið.

Í máli sínu lagði Aðalsteinn áherslu á að forleggjarar væru velkomnir sem meðlimir í STEF og að þeir gegndu mikilvægu starfi innan tónlistargeirans. Forleggjarar geti, eins og aðrir meðlimir STEFs, sem á annað borð njóta kjörgengis, boðið sig fram í fulltrúaráð og stjórn. Þekking þeirra á tónlistargeiranum sé mikilvæg inn í stjórnarstörf samtakanna, enda forleggjarar mikilvægir höfundum til að efla þeirra tekjur og stækka þeirra feril. Hins vegar sé ekki rétt á þessu stigi — þegar þessi grein er að stíga sín fyrstu skref hérlandis og þeir meðlimir STEFs sem eru tónlistarforleggjarar fari enn með mjög lítinn hluta af úthlutunum STEFs — að tónlistarforleggjarar hljóti sjálfkrafa rétt til setu í fulltrúaráði og stjórn. Þegar hlutdeild þeirra í úthlutunum aukist, og þar með hagsmunir þeirra af starfsemi STEFs, sé ekki ólíklegt að þetta verði endurskoðað.

Þá kom einnig fram í umræðum um málið, að í raun sé ekki erfitt að ná kjöri í fulltrúaráð STEFs miðað við hvernig kjörsókn hefur verið undanfarin ár, en tiltölulega fá atkvæði dugi til kjörs. Hin nýju ákvæði sem lagt er til að fulltrúaráðið samþykki séu alls ekki sett til að gera kjör forleggjara erfiðara en áður, þau séu einungis til skýringar.

Helstu nýmæli þessara tillagna eru eftirfarandi:

- Ákvæði samþykktanna um hverjir séu meðlimir STEFs verður mun ítarlegra en áður var og eru þá taldir sérstaklega upp tónhöfundar (jafnt tónskáld sem textahöfundar), útsetjarar og aðrir þeir sem vinna svipaða vinnu við tónverk, sem nær verkhæð og hefur fengið hlutdeild í höfundarverki skráðu hjá STEFi, erfingjar þessara aðila og forleggjarar sem hafa fengið framseldan höfundarétt frá áðurnefndum aðilum.
- Skilgreining á því hvað sé *forleggjari* er einnig bætt við samþykktirnar, en skilgreining þessi er þó mjög víðtæk, þar sem hún segir eingöngu að með forleggjara í samþykktunum væri átt við þann lögaðila sem hefur gert forleggjarasamning við einn eða fleiri tónhöfund. Með þessu er þó sett sú kvöð að forleggjari verði ætíð að vera lögpersóna.

- Þá er bætt við samþykktirnar ákvæði um að við framsal höfundaréttar til forleggjara skuli atkvæðaréttur á milli höfundar eða rétthafa annars vegar og forleggjara hins vegar skiptast á milli þessara aðila í hlutfalli við úthlutun.
- Bætt er einnig við ákvæði um að bjóði forleggjari sig fram í fulltrúaráð STEFs, þá skuli viðkomandi um leið og hann tilkynnir framboð sitt tilkynna hvaða einstaklingur muni taka viðkomandi sæti fyrir hans hönd, nái hann kjöri.
- Um leið eru settar skýrari reglur um framboð erfingja í fulltrúaráð STEFs.

Í umræðum um málið komu fram ýmis sjónarmið. Í því sambandi var meðal annars spurt hvernig sönnun á því að vera *forleggjari* færi fram og var því svarað svo, að STEF kalli eftir afritum forleggjarasamninga því til sönnunar. Þá var rætt um hámarksfjölda atkvæða, en skv. samþykktunum er ákveðið þak á fjölda atkvæða sem stórir rétthafar hafa á að skipa. Í því sambandi kom fram að sama hámark gildi hvað varðar stóra rétthafa og forleggjara að þessu leyti, þannig geti forleggjarar safnað saman atkvæðafjölda frá úthlutunum til sín vegna þeirra höfunda sem forleggjarar hafa gert samning við, en að slík söfnun sé þó háð þessu sama hámarki.

Þá var einnig spurt um muninn á framsali til innlendra og erlendra forleggjara, en úthlutun STEFs til erlendra forleggjara, sem ekki eru meðlimir STEFs, fylgir ekki atkvæðisréttur.

Varðandi breytingar á samþykktum um erfingja, var bent á að erfingjum höfundaréttar muni fara mjög fjölgandi á næstu árum.

Að lokum minnti einn fundargesta á, að það hafi færst í vöxt að kvikmyndaframleiðendur vilji gera uppkaupssamninga við tónhöfunda og einn anginn af því væri að framleiðandi vilji vera forleggjari á þeim verkum sem tónhöfundurinn semur fyrir kvikmyndina. Þetta muni hafa þau áhrif að úthlutun til forleggjara muni aukast hér á landi. Það hafi þó sést að þrátt fyrir slíka samninga hafi kvikmyndaframleiðandinn ekki fylgt eftir rétti sínum eða skráð sig sem forleggjara, sem þá hefur flækt mjög málið fyrir tónhöfundinn. Mikilvægast sé þó að hafa í huga að almennt hafi framleiðendur ekkert við forleggjarahlut að gera og voru viðstaddir hvattir til að spyrna á móti þessari þróun.

Að loknum umræðum voru tillögur stjórnar til breytinga bornar upp í einu lagi, en enginn gerði athugasemd við þá framkvæmd. Voru tillögurnar samþykktar samhljóða.

c) Breyting á úthlutunarreglum.

Formaður fulltrúaráðs kynnti tillögu stjórnar um breytingum á úthlutunarreglum STEFs, en ekki reyndist unnt að bera tillögu þessa upp á síðasta fulltrúaráðsfundi, þar sem fundurinn var ekki ályktunarbær.

Tillagan er um nýja málsgrein um skráningu óvenju margra verka, sem bætist við 6. gr. úthlutunarreglna STEFs. Tillagan var svohljóðandi:

„STEF áskilur sér rétt til að innheimta sérstök skráningargjöld af meðlimum í þeim tilvikum sem meðlimir skrá óvenju mörg ný verk í einu svo og á ári, s.s. vegna notkunar á gervigreind. Á þetta við ef fleiri en 20 verk eru skráð á sólarhring eða fleiri en 365 verk á ári. Hámark þetta á þó ekki við um skráningar á tónsporum kvikmynda- og sjónvarpsþáttatónlistar, né um skráningar forleggjara fyrir hönd þeirra höfunda sem þeir eru í forsvari fyrir. Stjórn STEFs tekur ákvörðun um fjárhæð gjaldsins og skal hún birt á heimasíðu STEFs.“

Til skýringar var þess getið að stjórn hafi tekið þá ákvörðun að fjárhæð þessa gjalds yrði kr. 500 á hvert verk umfram hámarkið og að sú fjárhæð myndi breytast skv. neysluvísitölu í fyrsta sinn í janúar 2026.

Til skýringar var þess getið að tillaga þessi eigi sér nokkra fyrirmynd í reglum KODA (systursamtökum STEFs í Danmörku), en regla þeirra er þó ekki jafn ítarleg og sú sem hér er lögð til. Þá var minnst á að ástæðan fyrir því að þetta væri hér lagt fram, væri sú að með tilkomu gervigreindar séu meiri líkur en áður á því að einstaka höfundar vilji reyna að skrá mjög mörg verk sem hugsanlega séu að miklu eða öllu leyti samin af gervigreind.

Var tillagan borin upp til atkvæða og var hún samþykkt samhljóða

7. Önnur mál, löglega fram borin á fundinum.

Nokkrar spurningar komu frá fundargestum. Þannig var m.a. spurt um kynningarátak á vörumerkjavitund STEFs, sem fram fór 2023-2024. Þá var spurt hvernig STEF beitti sér til að auka flutning íslenskrar tónlistar erlendis og almennt um innheimtu STEFs erlendis frá. Var því svarað svo, að STEF gerði slíkt fyrst og fremst í gegnum *Tónlistarmiðstöð*, en bæði á STEF þar fulltrúa í stjórn og hafi hingað til lagt miðstöðinni til fjármagn. Þá var minnt á hversu miklu skiptir að auka streymi íslenskrar tónlistar hér á landi og að meðlimir STEFs skili inn lagalistum til samtakanna þegar þau koma fram erlendis. Því miður sé þó ekki til almennilegt kerfi fyrir höfundaréttarsamtök til að skiptast á slíkum upplýsingum, en STEF hafi þó talað fyrir slíku og þá sérstaklega á Norðurlöndunum.

Þá fékk heimasíða STEFs hrós, svo og „Mínar síður“, sem eru gátt meðlima STEFs inn í kerfi samtakanna og á það var minnst, að sú þróun sem verið hefur á „Mínum síðum“ væri mjög jákvæð.

Ekki voru borin upp fleiri mál.

Fundi var slitið af formanni kl. 18:30.